

**Bókun á 1559. fundi flugráðs til samgönguráðherra  
Lögð fram á fundi ráðsins með ráðherra 14. júní 2010**

Þökkum öllum hinum fjölmörgu sem borið hafa hita og þunga af viðbrögðum vegna eldgosá. Þar hefur verið vel að verki staðið við erfiðar aðstæður.

Óskum nýrri stofnun Isavia ohf. velfarnaðar sem varð til við sameiningu Flugstoða og Keflavíkurflugvallar. Tryggt verði að áfram sé veitt traust þjónusta og frekari uppbygging eigi sér stað með nauðsynlegum framkvæmdum.

Fögnum að undirbúningur að byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll sé loks á lokastigi og framkvæmdir geti hafist á þessu ári. Varast ber að framkvæmdir á flugvöllum hafi í för með sér nýjar fjárhagslegar álögur á flugrekendur og viðskiptavinum og áhersla lögð á samráð við notendur varðandi gjaldtöku á flugreksturinn.

Lýsum vonbrigðum með að horfið hafi verið frá ákvörðun um að sækja um undanþágu fyrir innanlandsflugið frá tilskipun ESB vegna útblásturs CO<sub>2</sub> í flugi sem gæti frekar aukist á Íslandi ef innanlandsflugið verði ekki undanskilið. Málið var með góðum fyrirvara vandlega undirbúið á vegum samgönguráðuneytisins. Gagnrýna ber seinagang við ákvörðunartöku með rökstuðningi stjórnvalda, að beiðni um undanþágu hefði tafið aðlögun Íslands að tilskipuninni og þar með skaðað hagsmuni íslensks flugrekstrar.

Hvetjum til í sambandi við flugverndina á Keflavíkurflugvelli, að alvarleg frávik, sem upp komu við alþjóðlegt eftirlit, endurtaki sig ekki. Frávik gætu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir farþega, flugrekstur og íslenskt orðspor og stefnt í uppnám undanþágu fyrir innanlandsflugið varðandi flugverndarákvæði.

Vekjum athygli á, að ef leyfa á starfrækslu borgaralegs flugs á Keflavíkurflugvelli til heræfinga, þá verði meðferð og ábyrgð á skráningu og lofthæfni viðkomandi loftfara skilgreind, sérstök reglugerð sett um starfsemi sem m.a. kveði á um flugöryggi og Flugmálastjórn verði gert fjarhagslega kleift að annast nauðsynlegt eftirlit.

Ítrekum að við fyrirhugaða sameiningu samgöngustofnananna, Flugmálastjórnar Íslands, Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Umferðastofu, verði tekið tillit til sérstöðu verkefnasviða og ekki verði fyrir borð borin fagleg sérþekking og reynsla. Áfram verði tryggð skilvirk og traust þjónusta, séð til þess að opinber flugmálastarfsemi standist úttektir alþjóðlegra stofnana og njóti áfram trausts á alþjóðavettvangi. Kostnaði við reksturinn sé þannig skipt að fyrirtæki, ríkissjóður, farþegar og aðrir viðskiptaaðilar megi vel við una. Flugmálastjórn ber mikla ábyrgð í störfum undir nákvæmu alþjóðlegu eftirliti, hefur að skipa sérhæfðu fagfólki með mikla reynslu og veitir trausta þjónustu. Þetta allt verður að varðveita við sameiningu þar sem öryggi er í fyrirrúmi. Þá leggjum við áherslu á, að í lögum um sameiningu viðkomandi stofnana verði kveðið á um starfsemi sérstaks ráðs sem treysti samráð við hagsmunaaðila, efli eftirlit og gegnsæi við stjórnvöld og sé ráðherra ráðgefandi um rekstur og málefni á samgöngusviðum.

Leggjum til að rekstrarskilyrði íslenskra flugrekenda verði skoðuð heildstætt. Efnahagslegt hrun, eldgos, flutningur stjórnsýslu í flugi til nýrrar stofnunar, innleiðing CO2 tilskipunar ESB, nýjar kröfur EASA í flugrekstri, þjálfunarmálum svo og lofthæfikerfur / Part M fyrir almannaflyg og nýir loftferðasamningar, hafa umtalsverð áhrif á hinn mikilvæga atvinnuveg sem flugrekstur er. Brýnt er að stjórnvöld hafi frumkvæði að slíkri skoðun sem tryggi áfram öflugan flugrekstur í landinu og gæti orðið grunnur að heildstæðri flugmálastefnu með öryggi og þjónustu í forgangi.